

## Starfsfólk við kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum 2000–2005

*Teachers in pre-primary, compulsory and upper secondary schools 2000–2005*

### Samantekt

Á árunum 2000–2005 hefur kennurum fjölgað í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum á Íslandi. Alls störfuðu tæplega 10.800 starfsmenn við kennslu á þessum skólastigum í um 10.100 stöðugildum haustið 2005. Aldur kennara er einnig að hækka og lætur nærri að annar hver framhaldsskólakennari sé eldri en fimmtugur. Skólaárið 2005–2006 eru konur í fyrsta skipti í meirihluta kennara í framhaldsskólum. Á öllum skólastigum hefur hlutfall kennara með háskólapróf hækkað á þessu tímabili og fleiri kennarar hafa kennsluréttindi haustið 2005 en haustið 2000. Hæst er hlutfall réttindakennara í grunnskólum en þar eru tæp 87% kennara með kennsluréttindi. Sameiginlegt öllum skólastigum er að fleiri kennarar eru í fullu starfi haustið 2005 en haustið 2000. Brottfall úr kennarastéttinni fer minnkandi og er öll árin minna meðal kennara í grunnskólum og framhaldsskólum en meðal kennara í leikskólum. Rúmlega 70% nýútskrifaðra kennara fara að kenna strax að námi loknu. Hæst er hlutfallið hjá leikskólakennurum, rúmlega 81%, en nokkru lægra hjá grunnskólakennurum eða tæp 76%. Rúmlega 86% leikskólakennara sem útskrifuðust fyrir 5 árum síðan eru að störfum haustið 2005, samanborið við tæplega 70% grunnskóla-kennara og rúm 54% faggreinakennara.

### Inngangur

#### *Kennarar á Íslandi frá 2000*

Skólamáladeild Hagstofu Íslands safnar upplýsingum um nemendur og starfsfólk allra skólastiga á Íslandi; leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Í þessu hefti Hagtíðinda eru teknar saman og birtar tölur um starfsfólk við kennslu á þremur fyrstu skólastigunum á árunum 2000–2005. Í tölunum sem hér eru birtar eru taldir allir sem stunda einhverja kennslu, svo sem skólastjórnendur, deildarstjórar, kennarar og leiðbeinendur. Starfsfólk sem ekki sinnir kennslu nemenda er undanskilið, t.d. skrifstofufólk, starfsfólk mötuneyta og starfsmenn í þrifum. Hér á eftir verður orðalagið kennarar, starfsfólk við kennslu og starfsmenn við uppeldi og menntun notað um þann hóp sem að ofan er nefndur.

Söfnun gagna um starfsmenn skóla fer fram einu sinni á ári, en þó ekki á sama tíma á öllum skólastigum. Upplýsingum um starfsmenn í leikskólum er safnað í desember, gögnum um starfsmenn í grunnskólum er safnað um miðjan október og um starfsmenn í framhaldsskólum er nú safnað í nóvember, en fram til ársins 2004 fór innsöfnun fram í febrúar og mars. Í öllum tilfellum er safnað gögnum um starfsmenn í viðmiðunarmánuði innsöfnunarinnar.



## Lykiltölur

Tæplega 10.800 kennarar í  
10.100 stöðugildum haustið  
2005

Ljóst er að skólastigin þrjú; leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli hafa þróast og tekið breytingum hvert með sínum hætti undanfarin ár. Skólar á öllum skólastigunum þremur hafa tekið breytingum. Nemendum hefur fjölgað á þessu tímabili á öllum skólastigunum (tafla 1). Börnum hefur fjölgað í leikskólum en jafnframt hefur viðvera þeirra lengst og hlutfall barna í árgangi sem sækir leikskóla hefur farið stighækkandi á liðnum árum (sjá vef Hagstofu Íslands, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)). Grunnskólinn er eina skólastigið með lögbundinni skólaskyldu og því fer fjöldi grunnskólanema eftir árgangastærð hverju sinni. Sífellt stærri hluti 16 ára unglinga sækir nám í framhaldsskólum. Einnig hefur orðið breyting á fjölda stofnana. Leikskólum og framhaldsskólum hefur fjölgað en grunnskólum fækkað, meðal annars vegna sameiningar skóla á landsbyggðinni.

### Tafla 1. Lykiltölur um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2000–2005


Table 1. Key figures on pre-primary, compulsory and upper secondary schools 2000–2005

	Leikskólar <i>Pre-primary schools</i>		Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>		Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>	
	2000	2005	2000	2005	2000	2005
Fjöldi kennara <i>Number of teachers</i>	3.274	4.155	4.229	4.841	1.534	1.801
Stöðugildi kennara <i>Teachers FTE</i>	2.618	3.535	3.784	4.697	1.608	1.901
Aðrir starfsmenn <i>Number of other personnel</i>	558	580	2.342	2.583	583	613
Stöðugildi annarra starfsmanna <i>Other personnel FTE</i>	355	400	1.680	2.103	494	534
Fjöldi nemenda <i>Number of students</i>	14.574	16.864	43.644	44.336	20.332	23.345
Fjöldi stofnana <i>Number of schools</i>	253	262	190	177	35	36

Á töflu 1 má sjá að kennurum hefur fjölgað á öllum skólastigunum þremur frá árinu 2000. Alls störfuðu tæplega 10.800 kennarar í um 10.100 stöðugildum á þessum skólastigum haustið 2005. Á leikskólastigi er hlutfallsleg fjölgun kennara 26,9% en stöðugildum hefur fjölgað meira eða sem nemur 35,0% á tímabilinu (mynd 1). Í grunnskólum hefur þróunin verið með líkum hætti. Þar hefur kennurum fjölgað um 14,5% en stöðugildum um 24,1%. Í framhaldsskólum hefur kennurum einnig fjölgað á tímabilinu en þar er minni munur á milli fjölgunar kennara annars vegar og stöðugilda þeirra hins vegar. Kennurum hefur fjölgað sem nemur 17,4% en stöðugildum um 18,2%.

### Mynd 1. Fjölgun kennara og stöðugilda 2000–2005, %

Figure 1. Increase in number of teachers and full-time equivalents 2000–2005, %



Starfsmönnum sem ekki stunda kennslu hefur einnig fjölgað á tímabilinu (tafla 1). Starfsmenn sem starfa í skólunum undir stjórn skólustjóra eru taldir með í þessum tölum en ekki starfsmenn sem eru verktakar. Starfsmönnum sem ekki stunda kennslu hefur fjölgað mest í grunnskólum. Þar hefur þeim fjölgað um 241 starfsmann en það er fjölgun um 10,3%, á meðan stöðugildum þessara starfsmanna fjölgar um 25,2% á sama tímabili. Í leikskólum hefur starfsmönnum fjölgað um tæp 4% og stöðugildum þeirra um tæp 13% á tímabilinu. Í framhaldsskólum fjölgaði öðrum starfsmönnum en kennurum um rúm 5% og stöðugildum þeirra um rúm 8% á sama tíma.

### Konur eru meirihluti kennara á öllum skólastigum

Kvenkennarar fleiri á öllum skólastigum

Konur eru meirihluti starfsmanna leik- og grunnskóla og hafa lengi verið fleiri en karlar á þessum skólastigum (tafla 2). Skólaárið 2005–2006 eru konur hins vegar í fyrsta sinn fleiri en karlar meðal kennara í framhaldsskólum (mynd 2). Skólaárið 2000–2001 voru karlar 54,3% kennara í framhaldsskólum en konur 45,7%, en þessi munur er 8,5 prósentustig körlum í vil. Skólaárið 2005–2006 eru konur orðnar 51,5% kennara í framhaldsskólum en karlar 48,5% kennara sem er mismunur upp á 2,9 prósentustig.


### Tafla 2. Karlar og konur við kennslu 2000–2005, %

Table 2. Male and female teachers 2000–2005, %

Hlutfall Percentage	Leikskólar Pre-primary schools		Grunnskólar Compulsory schools		Framhaldsskólar Upper secondary schools	
	Karlar Males	Konur Females	Karlar Males	Konur Females	Karlar Males	Konur Females
2000–2001	1,7	98,3	24,1	75,9	54,3	45,7
2001–2002	2,3	97,7	24,1	75,9	53,9	46,1
2002–2003	3,1	96,9	23,6	76,4	52,8	47,2
2003–2004	3,0	97,0	23,3	76,7	52,0	48,0
2004–2005	3,1	96,9	22,5	77,5	50,6	49,4
2005–2006	3,1	96,9	21,8	78,2	48,5	51,5

## Mynd 2. Skipting kennara eftir kyni og skólastigi haustið 2005, %

Figure 2. Teachers by sex and school level in autumn 2005, %



Í leik- og grunnskólum eru konur í afgerandi meirihluta meðal starfsmanna við kennslu. Í grunnskólum landsins hefur konum fjölgað meðal kennara um 2,2 prósentustig frá skólaárinu 2000–2001. Körlum, sem lengi hafa verið nálægt fjórðungur kennara grunnskólans, fer heldur fækkandi. Í leikskólum fer körlum hins vegar fjölgandi meðal starfsfólks við kennslu. Frá skólaárinu 2000–2001 hefur þeim fjölgað í leikskólum sem nemur 1,4 prósentustigi, sem er meira en tvöföldun þegar litið er á fjölda karlkyns starfsmanna við kennslu (tafla 8). Á þessu skólastigi eru konur þó nánast einráðar. Skólaárið 2000–2001 voru konur 98,3% starfsmanna við uppeldi og menntun barna og skólaárið 2005–2006 eru þær 96,9% (sjá töflu 2).

## Kennarastéttin að eldast

Yngstu kennararnir starfa á leikskólunum

Þegar aldur kennarastéttarinnar er skoðaður vekur athygli að aldurssamsetning kennara er ekki sú sama eftir því hvaða skólastigi er um að ræða. Þannig eru kennarar í leikskólum almennt yngri en kennarar í grunnskólum og framhaldsskólum (tafla 3). Fjölmennasti hópur starfsmanna í leikskólum árið 2005 er yngri en 30 ára. Til samanburðar er fjölmennasti hópur grunnskólakennara á aldrinum 40–49 ára og í framhaldsskólum er fjölmennasti hópurinn á aldrinum 50–59 ára. Breytingar eru mestar í yngstu og elstu aldurshópum á því tímabili sem hér hefur verið skoðað. Heldur fækkar í yngstu aldurshópnum á öllum skólastigum en fjölgar í elsta aldurshópnum.

**Tafla 3. Starfsfólk við kennslu eftir aldri 2000 og 2005, %**


Table 3. Teaching personnel by age 2000 and 2005, %

Hlutfall Percentage	Leikskólar		Grunnskólar		Framhaldsskólar	
	<i>Pre-primary schools</i>		<i>Compulsory schools</i>		<i>Upper second. schools</i>	
	2000–2001	2005–2006	2000–2001	2005–2006	2000–2001	2005–2006
29 ára og yngri <i>Younger than 30</i>	35,9	30,2	14,5	10,9	7,4	5,8
30–39 ára <i>years old</i>	27,6	27,2	27,8	27,3	21,2	18,4
40–49 ára <i>years old</i>	22,4	25,1	31,0	30,3	33,9	30,5
50–59 ára <i>years old</i>	11,7	13,6	20,5	24,3	26,6	32,4
60 ára og eldri <i>and older</i>	2,4	3,9	6,2	7,1	10,9	12,9

Kennurum 50 ára og eldri fer fjölgandi á öllum skólastigum (mynd 3). Þeir eru 17,5% starfandi leikskólakennara árið 2005 en voru 14,2% árið 2000. Fjöldi grunnskólakennara í þessum aldurshópi er einnig vaxandi. Árið 2000 voru þeir 26,6% starfandi kennara en eru 31,5% haustið 2005. Framhaldsskólakennarar eru hlutfallslega flestir í þessum aldurshópi en árið 2000 voru 37,5% þeirra 50 ára og eldri en 45,3% fimm árum síðar. Því lætur nærri að annar hver framhaldsskólakennari sé fimmtugur eða eldri.

**Mynd 3. Kennarar 50 ára og eldri eftir skólastigum 2000–2005, %**

Figure 3. Teachers 50 years and older by school level 2000–2005, %



### Vaxandi fjöldi kennara hefur lokið prófi á háskólastigi

Tæplega 96% framhaldsskólakennara hefur lokið prófi á háskólastigi

Kröfur til menntunar kennara hafa aukist undanfarna áratugi. Hluti starfandi kennara lauk réttindanámi þegar ekki var krafist háskólagráðu til að verða kennari (tafla 4). Á öllum skólastigum er hækkandi hlutfall kennara með háskólapróf (mynd 4). Flestir kennarar með háskólapróf eru starfandi á framhaldsskólastigi en þar hafa 95,6% lokið prófi á háskólastigi. Þrír af hverjum fjórum (75,4%) framhaldsskólakennurum hafa lokið grunnprófi úr háskóla, oftast þriggja ára Bachelorgráðu eða sambærilegu námi. Þar við bætist að 17,6% hafa lokið meistargráðu og 2,6% framhaldsskólakennara hafa lokið doktorsprófi. Í grunnskólum hafa 82,0% kennara a.m.k. lokið grunnprófi á háskólastigi en ekki liggja fyrir aðgreinandi upplýsingar um fjölda meistargráða eða doktorsprófa. Í leikskólum hafa 39,0% starfandi kennara a.m.k. lokið grunnprófi á háskólastigi en

þar liggja heldur ekki fyrir upplýsingar um skiptingu háskólaprófa eftir prófgráðum. Eins og sjá má í töflu 4 hafa 42,0% starfsmanna við kennslu á leikskólum einungis lokið formlegu námi úr grunnskóla árið 2005. Sumir þessara starfsmanna hafa stundað nám á framhaldsskólastigi án þess að ljúka námi sem veitir aðgang að háskólastigi. Fimm árum áður var þetta hlutfall tæpt 51%. Þessum hópi starfsfólks við kennslu hefur því fækkað um sem nemur tæpum 9 prósentustigum.

**Tafla 4. Menntun starfsmanna við kennslu, %**


Table 4. Teaching personnel by education, %

	Leikskólar		Grunnskólar		Framhaldsskólar	
	<i>Pre-primary schools</i>		<i>Compulsory schools</i>		<i>Upper sec. schools</i>	
	2000–2001	2005–2006	2000–2001	2005–2006	2000–2001	2005–2006
Grunnskólapróf <i>Compulsory level</i>	50,9	42,0	3,1	1,8	0,3	0,1
Framhaldsskólapróf <i>Upper secondary level</i>	17,1	19,0	24,6	16,3	6,5	4,2
Grunnpróf á háskólastigi <i>Dipl. or first univ. degree</i>	32,0	39,0	72,3	82,0	76,4	75,4
Meistaragráða <i>Master's degree</i>	..	..	..	..	14,6	17,6
Doktorsgráða <i>Ph.D. Degree</i>	..	..	..	..	2,2	2,6

**Skýringar** Notes: Í gagnasöfnun um leikskóla og grunnskóla eru háskólagráður ekki aðgreindar. Information is not available on the separation of tertiary degrees in pre-primary and compulsory schools.

**Mynd 4. Kennarar með háskólapróf 2000 og 2005, %**

Figure 4. Teachers with university degree 2000 and 2005, %



### Réttindakennurum fjölgað ár frá ári

Flestir kennarar með réttindi í grunnskólum

Á öllum skólastigum hefur réttindakennurum fjölgað frá árinu 2000. Hlutfallslega flestir réttindakennarar eru starfandi í grunnskólum landsins en þar er hlutfall réttindakennara tæp 87% og hefur hækkað um tæp 6 prósentustig frá árinu 2000 (tafla 5). Í framhaldsskólum eru tæp 81% starfandi kennara með réttindi. Árið 2000

voru réttindakennarar í framhaldsskólum rúmlega 71% starfsmanna við kennslu og hefur þeim því fjölgað um tæp 10 prósentustig. Hlutfall kennara með réttindi í leikskólum er nokkru lægra en hlutfall réttindakennara á hinum skólastigunum eða tæp 40%. Þeim hefur þó fjölgað um rúmlega 6 prósentustig frá árinu 2000 sem er meiri hlutfallsleg aukning en á hinum skólastigunum.


**Tafla 5. Starfsfólk við kennslu eftir kennsluréttindum 2000–2005, %**

Table 5. Teaching personnel by teaching licence 2000–2005, %

	Leikskólar		Grunnskólar		Framhaldsskólar	
	<i>Pre-primary schools</i>		<i>Compulsory schools</i>		<i>Upper secondary schools</i>	
	Með réttindi	Án réttinda	Með réttindi	Án réttinda	Með réttindi	Án réttinda
	<i>With licence</i>	<i>Without licence</i>	<i>With licence</i>	<i>Without licence</i>	<i>With licence</i>	<i>Without licence</i>
2000–2001	33,0	67,0	80,8	19,2	71,3	28,7
2001–2002	34,3	65,7	79,8	20,2	72,7	27,3
2002–2003	34,7	65,3	80,2	19,8	73,8	26,2
2003–2004	35,6	64,4	81,7	18,3	76,3	23,7
2004–2005	38,0	62,0	85,6	14,4	79,0	21,0
2005–2006	39,4	60,6	86,7	13,3	80,9	19,1

**Mynd 5. Kennarar með réttindi 2000–2005, %**

Figure 5. Licenced teachers 2000–2005, %



### Starfshlutfall kennara fer vaxandi

Tæplega 90%  
framhaldsskólakennara vinna  
a.m.k. eitt fullt starf

Starfshlutfall kennara er mismunandi eftir skólastigum. Í leikskólum eru margir í hlutastörfum og hlutfallslega fæstir í fullu starfi. Árið 2005 sinna rúmlega 52% starfsfólks við kennslu a.m.k. einu fullu starfi. Fimm árum áður var þetta hlutfall rúmlega 45%. Hlutfall grunnskólakennara sem sinnir a.m.k. einu fullu starfi er 76% árið 2005 og hefur ekki breyst ef borið er saman við samsvarandi tölur frá árinu 2000 (tafla 6). Hlutfallslega flestir framhaldsskólakennarar eru í fullu starfi eða meira. Árið 2005 eru tæplega 89% þeirra í fullu starfi eða meira. Fimm árum áður var þetta hlutfall rúmlega 90%.

**Tafla 6. Starfsmenn við kennslu eftir stöðugildum, %**


Table 6. Teachers by full-time equivalents, %

		Stöðugildi Full-time equivalents					
		<0,50	0,50–0,74	0,75–0,99	1,0–1,24	1,25–1,49	≥1,50
Leikskólar <i>Pre-primary schools</i>	2000–2001	3,8	31,6	19,5	45,1	..	..
	2001–2002	3,7	26,9	22,3	47,1	..	..
	2002–2003	3,1	25,1	22,7	48,9	0,2	0,0
	2003–2004	3,2	23,1	23,5	49,8	0,3	0,0
	2004–2005	3,2	21,2	23,5	51,7	0,3	0,0
	2005–2006	3,9	18,9	24,8	52,1	0,2	0,1
Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>	2000–2001	4,8	16,3	2,9	74,4	1,0	0,6
	2001–2002	6,5	8,9	9,8	71,2	2,9	0,5
	2002–2003	6,6	9,8	10,8	69,2	3,3	0,3
	2003–2004	6,6	10,0	14,0	66,2	3,0	0,2
	2004–2005	5,1	10,1	12,2	70,2	2,3	0,1
	2005–2006	5,2	8,7	10,1	69,5	5,9	0,6
Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>	2000–2001	2,8	3,6	3,5	36,8	35,4	17,9
	2001–2002	2,7	4,2	3,6	40,6	35,3	13,6
	2002–2003	2,6	3,1	4,5	42,0	33,1	14,6
	2003–2004	2,6	3,0	5,1	41,8	32,8	14,6
	2004–2005	3,0	3,6	4,2	32,1	36,3	20,8
	2005–2006	3,3	3,2	4,8	37,1	31,2	20,5

**Skýringar** Notes: Í gagnasöfnun um leikskóla haustið 2000 og 2001 voru stöðugildi yfir 1,0 skráð sem 1,0. Full-time equivalents greater than 1.0 were documented as 1.0 in pre-schools in 2000 and 2001.

**Mynd 6. Starfsmenn við kennslu sem vinna fullt starf, %**

Figure 6. Teachers working a full-time job, %






Á mynd 7 er sýnt meðalstöðugildi starfsmanna við kennslu eftir skólastigum frá skólaárinu 2000–2001 til 2005–2006. Þar sést að starfsfólk í leikskólum starfar að meðaltali í rúmlega 85% starfshlutfalli. Í grunnskólum er þetta hlutfall nokkru hærra eða um 97% og starfsmenn í framhaldsskólum vinna að meðaltali tæplega 106% starf haustið 2005.

### Mynd 7. Meðalstöðugildi starfsmanna við kennslu 2000–2005

Figure 7. Teachers' average full-time equivalents 2000–2005



### Brottfall kennara úr starfi minnkar á árunum 2000 til 2005

*Brottfall kennara er minna haustið 2005 en 5 árum áður*

Brottfall kennara er minna á öllum skólastigum haustið 2005 en það var 5 árum áður (tafla 7). Brottfall starfsfólks við kennslu er mest í leikskólum, eða 24,6% en hefur þó minnkað um nálægt 4 prósentustig frá skólaárinu 2000–2001. Rúmlega 1.000 starfsmenn við kennslu voru ekki við störf haustið 2005 sem höfðu starfað í leikskólum haustið 2004. Eins og áður hefur komið fram er stór hluti starfsfólks við kennslu í leikskólum ekki menntaðir leikskólakennarar. Tölur sem Hagstofa Íslands hefur áður birt um brottfall í leikskólum hafa sýnt að brottfall er mun meira meðal réttindalausra kennara en meðal menntaðra leikskólakennara (Hagtíðindi, skólamál, 2004:2). Brottfall starfsfólks við kennslu í leikskólum hefur aukist lítillega síðustu tvö árin en var lægst 21,5% skólaárið 2003–2004 (mynd 8). Brottfall grunnskólakennara var minnst skólaárið 2002–2003, 14,3%, en hefur aukist lítillega síðan þá og var 15,2% á síðasta skólaári. Brottfall framhaldsskólakennara hefur minnkað ár frá ári á tímabilinu og var 15,4% skólaárið 2005–2006. Rétt er að taka fram að brottfall er hér skilgreint sem breyting á milli tveggja samliggjandi ára. Ljóst er að ýmsar ástæður eru fyrir því að starfsmenn hverfa úr starfi og það brottfall þarf ekki að standa lengi. Sumir þessara kennara koma aftur til starfa og einhverjir þeirra eru í tímabundnu leyfi frá störfum.

**Tafla 7. Brottfall kennara eftir skólastigum, %**


Table 7. Teachers' turnover by school level, %

	Leikskólar <i>Pre-primary schools</i>	Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>	Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>
2000–2001	28,5	16,3	21,9
2001–2002	25,6	15,8	20,1
2002–2003	21,7	14,3	18,3
2003–2004	21,5	15,1	17,4
2004–2005	22,7	16,1	15,6
2005–2006	24,6	15,2	15,4

**Skýringar** Notes: Brottfallsprósentan sýnir það hlutfall kennara sem var við störf að hausti en var ekki við störf haustið á eftir. Árið 2005–2006 sýnir hlutfall þeirra sem voru ekki við störf skólaárið 2005–2006 en voru við störf 2004–2005. The turnover rate indicates the proportion of teachers who were working in the autumn but were not working the following autumn.

**Mynd 8. Brottfall starfsfólks við kennslu úr starfi 2000–2005, %**

Figure 8. Teachers' turnover 2000–2005, %



### Meirihluti nýútskrifaðra kennara fer til starfa í skólum


Rúmlega 70% nýútskrifaðra kennara fara beint í kennslu

Skólaárið 2004–2005 útskrifuðust samtals 643 kennarar frá háskólum á Íslandi (tafla 13). Alls útskrifuðust 85 leikskólakennarar, 311 grunnskólakennarar og 247 faggreinakennarar frá Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Til faggreinakennara teljast hér þeir sem hafa lokið myndlistarkennaranámi, íþróttakennaranámi og fengið kennsluréttindi í annarri faggrein til kennslu í grunn- og framhaldsskólum. Í október 2005 voru 453 nýútskrifaðir kennarar við störf í skólum, eða 70,5%, þar af þrír við önnur störf en kennslu og skólastjórnun (mynd 9). Hlutfall leikskólakennara sem skila sér beint til kennslu er 81,2%, sem er mun hærra en hlutfall grunnskólakennara (75,9%) og faggreinakennara (59,9%). Ljóst er að faggreinakennarar kenna sumir í skólum sem þessi gagnasöfnun nær ekki yfir, t.d. í myndlistarskólum, eða starfa á öðrum vettvangi, eins og íþróttakennarar hjá íþróttafélögum. Athygli vekur hlutfall grunnskóla- og faggreinakennara sem útskrifast úr fjarnámi og fara beint í kennslu er hærra en þeirra sem útskrifast úr dagskólanámi. Hið gagnstæða gildir um leikskólakennara, þar sem rúmlega 84% nýútskrifaðra leikskólakennara úr dagskóla fara beint í kennslu en 77,5% þeirra sem ljúka fjarnámi.

Leikskólakennarar störfuðu svo til eingöngu í leikskólum en 13 nýir grunnskólakennarar störfuðu í leikskólum haustið 2005 og fjórir í framhaldsskólum. Haustið 2005 fóru meirihluti nýrra faggreinakennara sem höfðu lokið námi í dagskóla til kennslu í grunnskólum en meirihluta þeirra sem höfðu lokið réttindanámi í fjarnámi fóru til kennslu í framhaldsskólum.

### Mynd 9. Útskrifaðir kennarar 2004–2005 við kennslu haustið 2005, %

Figure 9. Teaching graduates 2004–2005 teaching in autumn 2005, %



Ef bornar eru saman tölur frá skólaárinu 1999–2000 kemur í ljós að 69,3% nýútskrifaðra kennara voru við störf í skólum haustið 2000. Eins og árið 2005 skilaði hæst hlutfall leikskólakennara sér beint í kennslu, eða 84,8%, á meðan 66,7% grunnskólakennara og 62,5% faggreinakennara fóru beint í kennslu. Haustið 2005 skila nýútskrifaðir grunnskólakennarar sér betur til starfa en 5 árum áður en færri leikskólakennarar og faggreinakennarar. Haustið 2000 voru 80,0% faggreinakennara sem útskrifuðust úr fjarnámi árið á undan við störf í skólum, á meðan aðeins 54,5% þeirra sem útskrifuðust úr dagskóla fóru beint til kennslu.

### Fimm árum eftir útskrift starfa tveir af hverjum þremur í skóla

*Fimm árum eftir útskrift starfa rúmlega 68% kennara í skólum*

Þegar afdrif þeirra kennara sem útskrifuðust skólaárið 1999–2000 eru skoðuð haustið 2005 kemur í ljós að rúmlega tveir af hverjum þremur (68,3%) kennurum starfa enn í skólum (tafla 14). Hæst hlutfall leikskólakennara er enn við störf, eða 86,4%. Tæplega 70% (69,5%) grunnskólakennara starfa í skólum en aðeins rúmlega helmingur faggreinakennara (54,2%). Engir leikskólakennarar útskrifuðust úr fjarnámi skólaárið 1999–2000 en hlutfallslega fleiri grunnskólakennarar og faggreinakennarar sem útskrifuðust úr fjarnámi eru enn í starfi 5 árum eftir útskrift.

**Tafla 8. Kennarar eftir kyni og réttindum 2000–2005**Table 8. *Teachers by sex and licence 2000–2005*

Fjöldi <i>Number</i>	Ár <i>Year</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Með réttindi <i>With licence</i>	Án réttinda <i>Without licence</i>
Leikskólar <i>Pre-primary schools</i>	2000–2001	3.274	56	3.218	1.082	2.192
	2001–2002	3.575	81	3.494	1.227	2.348
	2002–2003	3.832	117	3.715	1.330	2.502
	2003–2004	4.052	121	3.931	1.441	2.611
	2004–2005	4.085	128	3.957	1.553	2.532
	2005–2006	4.155	129	4.026	1.637	2.518
Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>	2000–2001	4.229	1.018	3.211	3.419	810
	2001–2002	4.491	1.081	3.410	3.586	905
	2002–2003	4.697	1.110	3.587	3.766	931
	2003–2004	4.743	1.106	3.637	3.873	870
	2004–2005	4.725	1.065	3.660	4.045	680
	2005–2006	4.841	1.057	3.784	4.197	644
Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>	2000–2001	1.534	832	702	1.085	436
	2001–2002	1.572	847	725	1.120	422
	2002–2003	1.623	857	766	1.186	418
	2003–2004	1.613	839	774	1.230	378
	2004–2005	1.713	866	847	1.317	349
	2005–2006	1.801	874	927	1.432	339

**Skýringar** *Notes:* Ekki er vitað um réttindi nokkurra kennara á framhaldsskólastigi og eru þeir ekki meðtaldir í fjöldatölum um kennsluréttindi. *Information is not available on the teaching licence of all teachers at the upper secondary level. Where information is missing the teachers are not included in the number of teachers by licence.*

**Tafla 9. Starfsfólk við kennslu eftir aldri 2000–2005***Table 9. Teaching personnel by age 2000–2005*

Fjöldi <i>Number</i>	Ár <i>Year</i>	Alls <i>Total</i>	<30 ára <i>years old</i>	30–39 ára <i>years old</i>	40–49 ára <i>years old</i>	50–59 ára <i>years old</i>	≥60 ára <i>years old</i>
Leikskólar <i>Pre-primary schools</i>	2000–2001	3.274	1.174	904	732	384	80
	2001–2002	3.575	1.215	1.034	806	425	95
	2002–2003	3.832	1.335	1.055	870	473	99
	2003–2004	4.052	1.326	1.096	985	526	119
	2004–2005	4.085	1.269	1.116	1.017	541	142
	2005–2006	4.155	1.256	1.130	1.043	564	162
Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>	2000–2001	4.229	615	1.177	1.310	865	262
	2001–2002	4.491	638	1.257	1.360	974	262
	2002–2003	4.697	608	1.379	1.380	1.067	263
	2003–2004	4.743	579	1.352	1.382	1.132	298
	2004–2005	4.725	518	1.350	1.409	1.141	307
	2005–2006	4.841	528	1.323	1.467	1.178	345
Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>	2000–2001	1.534	91	305	513	435	190
	2001–2002	1.572	81	325	491	462	213
	2002–2003	1.623	90	319	506	493	215
	2003–2004	1.613	85	307	500	506	215
	2004–2005	1.713	105	309	542	545	212
	2005–2006	1.801	105	331	550	583	232

**Tafla 10. Menntun starfsmanna við kennslu 2000–2005**

Table 10. Teaching personnel by education 2000–2005

	Ár Year	Alls Total	Próf á fram- Grunnskóla- haldsskólastigi próf Teachers Teachers educated at educated at the lower the upper secondary secondary level level		Grunnpróf á háskólastigi Diploma or first university degree	Háskólapróf meistaragraða Master's degree	Háskólapróf doktorsgráða Doctorate Ph.D.	Ekki vitað Not known
Leikskólar <i>Pre-primary schools</i>	2000–2001	3.274	1.667	560	1.047	..	..	–
	2001–2002	3.575	1.723	626	1.226	..	..	–
	2002–2003	3.832	1.751	734	1.347	..	..	–
	2003–2004	4.052	1.800	773	1.479	..	..	–
	2004–2005	4.085	1.769	758	1.558	..	..	–
	2005–2006	4.155	1.744	791	1.620	..	..	–
Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>	2000–2001	4.229	129	1.013	2.983	..	..	104
	2001–2002	4.491	119	1.027	3.333	..	..	12
	2002–2003	4.697	120	982	3.584	..	..	11
	2003–2004	4.743	112	963	3.668	..	..	–
	2004–2005	4.725	94	786	3.845	..	..	–
	2005–2006	4.841	85	787	3.969	..	..	–
Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>	2000–2001	1.534	4	97	1.145	218	33	37
	2001–2002	1.572	3	77	1.193	227	29	43
	2002–2003	1.623	3	94	1.230	249	33	14
	2003–2004	1.613	3	74	1.259	234	34	9
	2004–2005	1.713	2	70	1.297	286	38	20
	2005–2006	1.801	2	75	1.347	315	47	15

**Tafla 11. Stöðugildi starfsmanna við kennslu 2000–2005**Table 11. *Teachers' full-time equivalents 2000–2005*

	Ár Year	Stöðugildi <i>Full-time equivalents</i>						Fjöldi Total	Samtals stöðugildi Total FTE	Meðal- stöðugildi Average FTE
		<0,50	0,50–0,74	0,75–0,99	1,0–1,24	1,25–1,49	≥1,50			
Leikskólar <i>Pre-primary schools</i>	2000–2001	123	1.036	638	1.477	..	..	3.274	2.618	0,80
	2001–2002	131	961	799	1.684	..	..	3.575	2.920	0,82
	2002–2003	118	963	869	1.874	7	1	3.832	3.183	0,83
	2003–2004	129	938	954	2.017	12	2	4.052	3.397	0,84
	2004–2005	132	867	962	2.110	14	–	4.085	3.459	0,85
	2005–2006	161	787	1.032	2.164	7	4	4.155	3.535	0,85
Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>	2000–2001	202	690	122	3.145	44	26	4.229	3.784	0,89
	2001–2002	294	401	442	3.198	132	24	4.491	4.273	0,95
	2002–2003	310	460	506	3.251	157	13	4.697	4.437	0,94
	2003–2004	313	474	664	3.142	140	10	4.743	4.440	0,94
	2004–2005	240	476	577	3.317	108	7	4.725	4.458	0,94
	2005–2006	253	422	491	3.364	284	27	4.841	4.697	0,97
Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>	2000–2001	45	58	56	592	569	288	1.534	1.608	1,05
	2001–2002	44	69	59	668	581	224	1.572	1.645	1,05
	2002–2003	44	54	77	721	568	251	1.623	1.716	1,06
	2003–2004	44	52	87	717	563	251	1.613	1.714	1,06
	2004–2005	55	67	77	590	667	382	1.713	1.837	1,07
	2005–2006	62	61	91	705	593	389	1.801	1.901	1,06

**Tafla 12. Brottfall starfsmanna við kennslu 2000–2005**Table 12. *Teachers' turnover 2000–2005*

	Ár <i>Year</i>	Við störf árið áður <i>At work the year before</i>	Þar af ekki við störf ári síðar <i>Not at work the following year</i>	Ekki við störf % <i>Not working %</i>
Leikskólar <i>Pre-primary schools</i>	2000–2001	3.257	927	28,5
	2001–2002	3.274	843	25,6
	2002–2003	3.575	777	21,7
	2003–2004	3.832	822	21,5
	2004–2005	4.052	918	22,7
	2005–2006	4.085	1.005	24,6
Grunnskólar <i>Compulsory schools</i>	2000–2001	4.196	682	16,3
	2001–2002	4.229	669	16,0
	2002–2003	4.491	643	14,3
	2003–2004	4.697	711	15,1
	2004–2005	4.743	765	16,1
	2005–2006	4.725	718	15,2
Framhaldsskólar <i>Upper secondary schools</i>	2000–2001	1.468	322	21,9
	2001–2002	1.535	308	20,1
	2002–2003	1.573	288	18,3
	2003–2004	1.623	282	17,4
	2004–2005	1.613	252	15,6
	2005–2006	1.713	264	15,4



**Tafla 13. Útskrifaðir kennarar 1999–2000 og 2004–2005 við störf haustið eftir útskrift**Table 13. *Teaching graduates 1999–2000 and 2000–2005 at work the following autumn*

	Útskrifaðir <i>Graduates</i>	Við störf á leikskólastigi <i>At work at the pre-primary school level</i>	Við störf á grunn- skólastigi <i>At work at the compulsory school level</i>	Við störf á framhalds- skólastigi <i>At work at the upper secondary level</i>	Alls við störf <i>At work</i>	Alls við störf, % <i>At work, %</i>
<b>Alls 1999–2000 Total</b>	<b>303</b>	<b>59</b>	<b>107</b>	<b>44</b>	<b>210</b>	<b>69,3</b>
Leikskólakennarar <i>Pre-primary school teachers</i>	66	56	–	–	56	84,8
þar af dagskólanemendur <i>from day courses</i>	66	56	–	–	56	84,8
þar af fjarnámsnemendur <i>from distance learning</i>	–	–	–	–	–	–
Grunnskólakennarar <i>Compulsory school teachers</i>	141	2	90	3	94	66,7
þar af dagskólanemendur <i>from day courses</i>	135	2	86	2	89	65,9
þar af fjarnámsnemendur <i>from distance learning</i>	6	–	4	1	5	83,3
Faggreinakennarar <i>Subject teachers</i>	96	1	18	42	60	62,5
þar af dagskólanemendur <i>from day courses</i>	66	1	9	26	36	54,5
þar af fjarnámsnemendur <i>from distance learning</i>	30	–	9	16	24	80,0
<b>Alls 2004–2005 Total</b>	<b>643</b>	<b>85</b>	<b>296</b>	<b>72</b>	<b>453</b>	<b>70,5</b>
Leikskólakennarar <i>Pre-primary school teachers</i>	85	69	–	–	69	81,2
þar af dagskólanemendur <i>from day courses</i>	45	38	–	–	38	84,4
þar af fjarnámsnemendur <i>from distance learning</i>	40	31	–	–	31	77,5
Grunnskólakennarar <i>Compulsory school teachers</i>	311	13	219	4	236	75,9
þar af dagskólanemendur <i>from day courses</i>	211	7	142	4	152	72,0
þar af fjarnámsnemendur <i>from distance learning</i>	100	6	78	1	84	84,1
Faggreinakennarar <i>Subject teachers</i>	247	3	77	68	148	59,9
þar af dagskólanemendur <i>from day courses</i>	164	3	57	36	96	58,5
þar af fjarnámsnemendur <i>from distance learning</i>	83	–	20	32	52	62,7

**Skýringar Notes:** Til faggreinakennara teljast þeir sem fá kennsluréttindi í faggreinum frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Þeirra á meðal eru m.a. íþróttakennarar og myndmenntakennarar. Skólaárið 1999–2000 starfa tveir kennarar á fleiri en einu skólastigi og er þeim skipt á milli stiga. Fimm kennarar starfa við önnur störf en kennslu. Miðað er við kennara á framhaldsskólastigi í mars 2001. Skólaárið 2004–2005 starfa átta kennarar á fleiri en einu skólastigi og er þeim skipt á milli stiga. Þrír kennarar starfa við önnur störf en kennslu. *Subject teachers include among others art teachers and teachers of physical education. When teachers are working at more than one school level they are split between levels.*

**Tafla 14. Staða kennara haustið 2005 fimm árum eftir útskrift 1999–2000**

Table 14. Status of teachers in autumn 2005 five years after graduation in 1999–2000

	Útskrifaðir <i>Graduates</i>	Við störf á leikskólastigi <i>At work at the pre-primary school level</i>	Við störf á grunn- skólastigi <i>At work at the compulsory school level</i>	Við störf á framhalds- skólastigi <i>At work at the upper secondary school level</i>	Alls við störf <i>At work</i>	Alls við störf, % <i>At work, %</i>
<b>Alls Total</b>	<b>303</b>	<b>62</b>	<b>107</b>	<b>38</b>	<b>207</b>	<b>68,3</b>
Leikskólakennarar <i>Pre-primary school teachers</i>	66	55	2	–	57	86,4
þar af dagskólanemendur <i>teachers from day courses</i>	66	55	2	–	57	86,4
þar af fjarnámsnemendur <i>teachers from distance learning</i>	–	–	–	–	–	–
Grunnskólakennarar <i>Compulsory school teachers</i>	141	5	91	2	98	69,5
þar af dagskólanemendur <i>teachers from day courses</i>	135	5	86	2	93	68,9
þar af fjarnámsnemendur <i>teachers from distance learning</i>	6	–	5	–	5	83,3
Faggreinakennarar <i>Subject teachers</i>	96	2	14	36	52	54,2
þar af dagskólanemendur <i>teachers from day courses</i>	66	2	8	24	34	51,5
þar af fjarnámsnemendur <i>teachers from distance learning</i>	30	–	6	12	18	60,0

**Skýringar** Notes: Kennarar í leyfi 2005 eru meðtaldir í tölum um kennara við störf. Þrír kennarar eru við önnur störf en kennslu. *Teachers on leave in 2005 are included in the figures on teachers at work.*

### **English summary**

From the year 2000 to 2005 the number of teachers has increased in pre-primary, compulsory and upper secondary schools in Iceland. A total of 10,800 teaching personnel worked in 10,100 full-time equivalent jobs in the autumn of 2005. The teaching profession on the whole is ageing and almost every other teacher at the upper secondary level is 50 years old and older. In 2005-2006 women are for the first time the majority of teachers at the upper secondary level. At all school levels the proportion of teachers having a tertiary qualification has increased and more teaching personnel have a teaching licence in 2005 than in 2000. The proportion of teachers with a teaching licence is greatest in compulsory schools, where almost 87% of teachers hold a teaching licence. At all school levels there are more teachers holding a full-time job in 2005 than there were in 2000. Teachers' turnover has decreased and is every year lower among teachers in compulsory schools and upper secondary schools than in pre-primary schools. More than 70% of new teaching graduates start teaching directly after graduation. The proportion is greatest among pre-primary teachers, more than 81%, but a little lower among compulsory school teachers, or almost 76%. More than 86% of pre-primary school teachers who graduated 5 years ago are teaching in the autumn of 2005, compared to almost 70% of compulsory school teachers and more than 54% of subject teachers.

**Hagtiðindi** **Skólamál**  
*Statistical Series* *Education*

91. árgangur nr. 45

ISSN 0019-1078

2006:2

ISSN 1670-469X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4703 (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervision* Ásta M. Urbancic • asta.urbancic@hagstofa.is

Haukur Pálsson • haukur.palsson@hagstofa.is

Konráð Ásgrímsson • konrad.asgrimsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)